

## Eyjólfur Eyfells.

—o—

Leitt þótti mér að geta ekki komið því við, að skrifá um myndasýningu Eyjólfs Eyfells um daginn. Eyjólfur er einn af þeim mönnum, sem gaman er að hrósa, snillingur og góður maður. Hefir miig ekki í annað sinn meira langað til að skrifa lof um myndir hans en nú, er eg kom á þessa síðustu sýningu. Vil eg einkum nefna mynd af Fljótsdalshéraði með Snæfell í baksýn, og aðra af Eiríksjöklí, sem mun vera eitt af segurstu fjöllum jarðarinnar.

Helgi Pjeturss.